

Nr. 936

6. nóvember 2012

## SAMÞYKKT um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp Grindavíkurbæjar nr. 805/2011.

### 1. gr.

Orðið „miðvikudag“ í 7. gr. samþykktarinnar breytist í þriðjudag og verður greinin svohljóðandi:

Bæjarstjórn heldur reglulega fund einu sinni í hverjum mánuði, að jafnaði síðasta þriðjudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að two mánuði að sumarlagi.

### 2. gr.

Orðið „miðvikudaga“ í 45. gr. samþykktarinnar breytist í þriðjudaga og verður greinin svohljóðandi:

Bæjarráð skal að jafnaði funda fyrstu þrjá þriðjudaga hvers mánaðar. Fella má bæjarráðsfund niður séu ekki brýn mál á dagskrá að mati formanns bæjarráðs og bæjarstjóra. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðsins eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

### 3. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkurbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 6. nóvember 2012.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 6. nóvember 2012